

Árneshreppi 13.júlí 2023.

### Samgöngumál við Árneshrepp.

Fyrst skal rekja í stuttu máli baráttuna fyrir bættum samgöngum á leiðinni norður í Árneshrepp, þar hafa margir komið að og auðvitað margir fleiri en þeir sem vitnað er í hér fyrir neðan. Þessi upprifjun nær aftur til ársins 1986.

**Undirbúningur að byggðaaætlun fyrir Vestfirði - Árneshreppur 1986;** „Árneshreppur hefur algjöra sérstöðu innan sýslunnar. Hann er ekki í beinum tengslum samgöngulega að vetri til nema með flugi og **telur hreppsnefnd að verulega mætti bæta samgöngur á landi með uppbyggingu vegarins á allra verstu stöðum. Mikilvægt er að sérstaða þessarar byggðar verði ávallt virt, og þess gætt að hún fái eðlilegan stuðning samfélagsins**”.

**Úr bréfi til íbúa Árneshrepps frá þingmanni 25.02.1999;** „Í þeirri vegaáætlun sem nú er unnið eftir eru 10 m.kr. á ári ætlaðar til lagfæringa á fjölmönnum ferðamannaleiðum á Vestfjörðum næstu árin. **Ég vildi með bréfi þessu segja ykkar af því að í þingmannahópnum hefur nú náðst samkomulag um að 60% af þessu fé verði varið til lagfæringa á veginum úr Bjarnarfirði í Norðurfjörð árin 1999, 2000 og 2002 þ.e. 6 m.kr. á ári, en öll upphæðin þ.e. 10 m.kr. fari í umræddan veg árið 2001**”.

**Úr bréfi frá hreppsnefnd Árneshrepps 27.apríl 2011 til Innanríkisráðherra og vegamálastjóra;** „Til að tryggja áframhaldandi byggð og atvinnulíf í Árneshreppi á Ströndum verður að fylgja eftir fyrri áætlun um að byggja upp veginn yfir Veiðileysuháls sem yrði þá fyrsti áfangi í að tryggja heilsársvegasamgöngur í Árneshrepp. **Veiðileysuháls þyrfti að hafa algeran forgang á Strandavegi nr. 643 þar sem hann er mikill þröskuldur yfir veturinn**“.

**Úr bréfi hreppsnefndar Árneshrepps 12.janúar 2012, til samgöngunefndar Alþingis;** Athugasemd vegna samgönguáætlunar 2011-2020. „Í samgönguáætlun sem búið er að birta er **Strandavegur nr. 643 (Veiðileysuháls) kominn á áætlun 2019-2022, sem mun þýða óbreytt ástand í heilsársamgöngum við Árneshrepp næstu 10 ár.** Næstu verkefni á þessari leið munu þá dragast langt fram undir miðja þessa öld. Sú staða er algerlega óviðunandi fyrir sveitarfélagið. **Hreppsnefnd Árneshrepps fer þess á leit við Alþingi að það taki þessar tillögur til endurskoðunar þegar þing kemur saman og fjallað verður um samgönguáætlunina og þetta verði fært til betri vegar fyrir Árneshrepp og framkvæmdir hefjist við uppbyggingu vegarins yfir Veiðileysuháls á árunum 2011-2014**“.

Hreppsnefnd skorar á ráðherra, samgöngunefnd Alþingis, þingmenn kjördæmisins og alla sem að þessu máli koma að bregðast við því samgönguleysi sem Árneshreppur býr við í dag hvað varðar landsamgöngur“.

**Umsögn vegna samgönguáætlunar 2013-2016, bréf oddvita Árneshrepps til umhverfis og samgöngunefndar sent 29.apríl 2014;** Sveitarstjórn leggur á það þunga áherslu að Veiðileysuháls verði settur inn í samgönguáætlun 2013-2016, það er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir byggðina að staðið verði við fyrri ákvörðun Alþingis. Að stjórnvöld sjái til þess að þeirri ákvörðun verði framfylgt. Alþingi er tvisvar búið að skilyrða fjármuni í Veiðileysuháls, búið var að áætla 59 millj. sem átti að vinna fyrir árin 2009-2010 en ekkert var gert í því að framfylgja þeirri ákvörðun. Sveitarstjórn hefur alltaf talað um heilsársveg og sett það sem forgangsverkefni að vegur yfir Veiðileysuháls verði byggður upp fyrst og svo leiðin frá Djúpavík til Gjögurs. Sá kafli er ekki inni í langtíma áætlun fyrir 2015-2026 sem verður tekin fyrir á Alþingi í haust“.

**Bréf frá Skúla Gautasyni verkefnisstjóra Brothættra byggða/Áfram Árneshreppur, til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 3.júlí 2018;** „Mig langar að senda fyrirspurn um hver staðan sé á uppbyggingu vegar yfir Veiðileysuháls á Strandavegi 643. Er hann ekki örugglega inni á nýrri samgönguáætlun og hvenær er áætlað að hefja framkvæmdir við hann? **Ég veit að ég þarf ekki að taka fram að þessi veglagning er gríðarlega mikilvæg fyrir búsetu í Árneshreppi og vó þyngst á**

**Íbúaþingi sem var haldið þar á dögunum. Á meðan ekki verða gerðar vegabætur er torséð að nokkur uppbygging verði í sveitarfélaginu, öryggismál eru í ólestri og lífsgæði íbúa verulega skert. Ég verð því að ítreka nauðsyn þess að flýta framkvæmdum við Veiðileysuháls eins og kostur er“.**

\*\*\*\*\*

Frá árinu 2014, þegar ég undirrituð var kjörin oddviti Árneshrepps höfum við í hreppsnefnd Árneshrepps reynt að ýta undir og hvetja til þess að Veiðileysuháls verði loksins tekinn á dagskrá. Hvað eftir annað höfum við upplifað vonir og væntingar verða að engu. Hvað eftir annað hefur framkvæmdum verið skotið á frest eins og kemur fram hér fyrir ofan. Nú síðast hafði stefnan verið að byrja 2024 og taka skyldi veginn í þrem áföngum. Nú þegar öllum undirbúningi er að mestu lokið og takmarkið er nær en nokkru sinni áður, virðist enn einu sinni eiga að blása þennan vegarspotta út af borðinu!! Þar sem „spottinn“ er ekki nema 12 km er það með öllu óskiljanlegt hvernig hægt er að komast að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi ekki efni á þessu og taki þar með jafnframt önnur verkefni fram fyrir í röðina, eina ferðina enn. Enn einu sinni virðist eiga að svíkja íbúa Árneshrepps um langbráðar úrbætur sem hafa verið á döfnni svo lengi sem elstu menn muna.

Vetrareinangrun hafa alveg fram undir þetta verið hlutskipti íbúa Árneshrepps og það tengist auðvitað skorti á framkvæmdur við títt nefndan Veiðileysuháls. Vegna legu vegarins um hálsinn hefur oft verið mjög erfitt að moka hann og erfið lega hans einnig nefnd sem ástæða fyrir því að ekki væri hægt að verða við því að opna veginn reglulega. **Undarfarna tvo vetur hefur þó verið rekið hér „tilraunaverkefni“ um snjómokstur 2svar í viku allan veturinn og er þetta í fyrsta skipti í sögu Árneshrepps sem slíkt er gert.** Samkvæmt reynslunni eftir þessa tvo vetur er það fyrst og síðast veðurfarið og lega vegarins sem ræður hversu oft er hægt að moka til okkar. Og það breytist ekkert fyrr en nýr vegur hefur verið lagður yfir Veiðileysuháls.

**Í nafni réttlætis og jafnréttis skora ég hér með á þingheim að standa sig gagnvart einum af sínum minnstu og fjarlæga bróður og koma í veg fyrir að Veiðileysuháls verði eina ferðina enn látinn bíða seinni tíma.** Fyrir mörg okkar er seinni tíminn þegar runninn upp og okkar bjartsýnustu vonir farnar að myrkvast.

Með vinsemd,

fyrir hönd allra Árneshreppsþúa, núverandi og brottfluttra,

Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti.